



Hafrannsóknastofnun
Bt. Sigurðar Guðjónssonar forstjóra
Skúlagötu 4
121 Reykjavík

Fjallabyggð, 1. mars 2018
Nr. erindis 1704014 / GIB

Efni: Burðarþol og áhættumat sjókvíaeldis fyrir Eyjafjörð

Sæll Sigurður,

Bæjarráð Fjallabyggðar óskar eftir upplýsingum frá Hafrannsoknarstofnun um eftirfarandi atriði:

1. Burðarþol fyrir sjókvíaeldi í Eyjafirði
2. Áhættumat fyrir sjókvíaeldi í Eyjafirði

Fjallabyggð og Arnarlax h/f hafa skrifað undir viljayfirlýsingum um að starfsstöð Arnarlax h/f fyrir sjókvíaeldi í Eyjafirði verði í Ólafsfirði.

Nú er vinna í gangi við umhverfismat fyrir áætlað sjókvíaeldi Arnarlax h/f í Eyjafirði. Þessi vinna liggur nánast niðri, þar til upplýsingar um áhættumat og burðarþol fyrir sjókvíaeldi í í Eyjafirði liggja fyrir.

Þetta ástand er mjög bagalegt fyrir sveitarfélagið, þar sem mörg störf hafa glatast í Ólafsfirði með tilkomu nýrra og stærri fiskiskipa í Fjallabyggð. Með tilkomu starfsstöðvar Arnarlax h/f myndi atvinnuástandið í Ólafsfirði batna til muna. Þetta mál er því mjög mikilvægt fyrir bæjarfélagið.

Heyrst hefur, að bæði burðarþols- og áhættumatið fyrir sjókvíaeldi í Eyjafirði sé tilbúið hjá stofnuninni, en hefur enn ekki verið birt.

Svar óskast við fyrstu hentugleika.

Kveðjur að norðan.

f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar

Gunnar Ingi Birgisson
bæjarstjóri

Afrit: Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
og þingmenn Norðaustur kjördæmis